

Sæfivörur notaðar til að rotverja þurfa markaðsleyfi!

Sæfivörur (biocides) eru efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni, sem ætlað er að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá eða gera þær skaðlausar með efna- eða líffræðilegum aðferðum. Rotvarnarefni, sem eru boðin til sölu eða notuð á Íslandi, mega nú eingöngu innihalda virk efni, sem eru í áhættumati eða hafa verið samþykkt fyrir þann vöruflokk sem um ræðir ([sjá yfirlit yfir vöruflokka](#)). Þegar öll virk efni í vörunni hafa verið samþykkt fyrir vöruflokkinn sem hún fellur í, þarf að sækja um markaðsleyfi fyrir henni.

Fyrstu virku efnin fyrir þennan vöruflokk voru samþykkt árið 2009 og áætlað er að áhættumati allra virkra efna, sem falla undir hann, verði lokið árið 2024. Eftir því sem fleiri virk efni eru samþykkt, þurfa fleiri sæfivörur markaðsleyfi og því eru þessar reglur smám saman að hafa meiri áhrif á markaðssetningu vöruhegunda á Íslandi.

Nú þegar þurfa margar sæfivörur, sem falla í aðalflokk 2, rotvarnarefni, markaðsleyfi en áætlað er að árið 2025 eigi allar þessar vörur að vera komnar með markaðsleyfi ásamt vörum í aðalflokki 4, aðrar sæfivörur. Þegar virkt efni til notkunar í sæfivörum hefur verið samþykkt, skal sækja um markaðsleyfi fyrir þeim vörum sem innihalda umrætt virkt efni eða að öðrum kosti, að taka þær úr sölu og hætta notkun þeirra.

Sæfivörur skiptast í 4 aðalflokka; sóttthreinsiefni, rotvarnarefni, varnir gegn meindýrum og aðrar sæfivörur.

Undir aðalflokk 2, rotvarnarefni, falla 8 vöruflokkar sem eru:

6. Rotvarnarefni fyrir vörur á meðan á geymslu stendur.
7. Rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu.
8. Viðarvarnarefni.
9. Rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjölliðuð efni.
10. Rotvarnarefni fyrir byggingarefni.
11. Rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi.
12. Slímvarnarefni.
13. Rotvarnarefni fyrir vökva sem eru notaðir við vinnslu eða skurð.

Undir aðalflokk 4, aðrar sæfivörur, falla 2 vöruflokkar sem eru:

21. Gróðurhindrandi vörur
22. Vökvar til notkunar við líksmurningu og uppstoppun.

Sæfivörureglugerðin hefur einnig í för með sér að birgjar sem selja virk efni til framleiðslu á rotvörðum vörum þurfa að vera [á lista ESB yfir birgja](#) sem eru samþykktir fyrir virk efni innan þess vöruflokks sem hin rotvarða vara tilheyrir.

Reglugerð um sæfivörur er hluti af því regluverki sem fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og er því innleidd í heild sinni hér á landi. Ísland er lítið markaðssvæði og því viðbúið að þessar breytingar muni hafa áhrif á vöruúrval hér á landi.

Samþykkt virk efni og vörur með markaðsleyfi

Listi yfir samþykkt virk efni.

[Listi ECHA yfir samþykkt virk efni \(krækja í skjölun „Samþykkt virk efni okt 2017 eftir vöruflokkum með enskum texta“ og „Samþykkt virk efni okt 2017 raðað eftir CAS nr með enskum texta“, sem fylgja í viðhengi\)](#)

[Listi yfir vörur með markaðsleyfi](#)

[Listi ECHA yfir vörur með markaðsleyfi](#)

Bönnuð virk efni

Listi yfir bönnuð virk efni.

Listi ECHA yfir bönnuð virk efni (krækja í skjölun „Bönnuð virk efni okt 2017 raðað eftir vöruflokkum“ og „Bönnuð virk efni okt 2017 raðað eftir CAS nr“, sem fylgja í viðhengi)

Sjá einnig:

- Er varan sæfivara? (krækja í skjalið „Er varan sæfivara“, sem fylgir í viðhengi)
- Inn- og útflutningur (krækja í skjalið „Innflutningur og útflutningur á sæfivörum“, sem fylgir í viðhengi)
- Að bjóða fram eða nota (krækja í skjalið „Sala sæfivöru“, sem fylgir í viðhengi)
- Notkun sæfivöru (krækja í skjalið „Notkun sæfivöru“, sem fylgir í viðhengi)
- Meðhöndlaðar vörur (krækja í skjalið „Vörur meðhöndlaðar með sæfivörum“, sem fylgir í viðhengi)

Vöruflokkur 6: Rotvarnarefni fyrir vörur á meðan á geymslu stendur

Vörur sem eru notaðar til að rotverja iðnaðarvörur, aðrar en matvæli, fóður, snyrtivörur eða lyf eða lækningatæki, með því að verja þær fyrir skemmdum af völdum örvera og tryggja geymsluþol þeirra.

Vörur sem eru notaðar sem rotvarnarefni vegna geymslu eða notkunar á agni með nagdýraeitri eða skordýraeitri eða á öðru agni.

Dæmi um vörur: Vörur til að rotverja blek, hreinlætisvörur, vatnsþynnanlega málningu, vélarolíu, kíttri eða lím. Tilgangur þessara sæfivara er að varðveita vörur sem ekki er búið að taka í notkun, meðan þær eru ennþá í umbúðum.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í desember 2020.

Vöruflokkur 7: Rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu.

Vörur sem eru notaðar til að rotverja yfirborðsfilmur eða efni til yfirborðsmeðferðar, með því að verja þær gegn skemmdum af völdum örvera eða þörunga og í því skyni að vernda upphaflega eiginleika yfirborðs efna eða hluta, s.s. málningar, plastefna, þéttiefna, límeffna fyrir vegg, bindiefna, veggfóðurs og listaverka.

Dæmi um vörur: Vörur til að rotverja kíttri, múr og ýmiskonar efni til húðunar. Tilgangur þessara sæfiefna er að varðveita vörur meðan á notkun þeirra stendur.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í desember 2021.

Vöruflokkur 8: Viðarvarnarefni.

Vörur sem eru notaðar til að verja timbur þegar það kemur frá sögunarmyllu, svo og á vinnslustigi í myllunni eða timburafurðir til þess að koma í veg fyrir fúa eða að útlit þess spillist.

Þessi vöruflokkur nær bæði yfir vörur til forvarna og vörur til lagfæringa.

Dæmi um vörur: Rotvarnarefni til yfirborðsmeðhöndlunar á timburvörum, t.d. olúgrunnur eða alkýðmálning. Rotvarnarefni til notkunar við að gagnverja timbur.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki átti að vera lokið í desember 2016.

Vöruflokkur 9: Rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjöllíðuð efni.

Vörur sem eru notaðar til að verja trefja- eða fjöllíðuðefni, s.s. leður, gúmmí, pappír eða textílvörur gegn skemmdum af völdum örvera.

Í þessum vöruflokki eru sæfivörur sem hamla vexti örvera á yfirborði efna og koma þannig í veg fyrir lyktarmyndun eða aðrar óæskilegar breytingar á þeim.

Dæmi um vörur: Vörur til að verja tjöld, sólhlífur og aðra vefnaðarvöru sem notuð er utandyra. Vörur sem notaðar eru til að verja pappírsull og einangrunarefni.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í desember 2021.

Vöruflokkur 10: Rotvarnarefni fyrir byggingarefni.

Vörur sem eru notaðar til að verja múrverk, samsett efni eða önnur byggingarefni, nema timbur, gegn ágangi örvera og þörunga.

Dæmi um vörur: Vörur til að verja gifsplötur og múrverk.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í desember 2021.

Vöruflokkur 11: Rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi.

Vörur sem eru notaðar til að verja vatn eða annan vökva, sem notaður er í kæli- og vinnslukerfum, gegn skaðlegum lífverum, s.s. örverum, þörungum og skeldýrum.

Vörur, sem eru notaðar til að sótthreinsa drykkjarvatn eða vatn í sundlaugum, falla ekki undir þennan vöruflokk.

Dæmi um vörur: Rotvarnarefni í vatnskælikerfum, t.d. í matvælaframleiðslu.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í júní 2024.

Vöruflokkur 12: Slímvarnarefni

Vörur sem eru notaðar til að koma í veg fyrir eða verja fyrir slímmyndun á eignum, búnaði og mannvirkjum sem eru notuð við iðnaðarvinnslu, t.d. á timbri og pappírsmauki og gropnum sandlögum við olíuvinnslu.

Dæmi um vörur: Vörur sem hindra slímmyndun t.d. við jarðboranir og pappírframleiðslu.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í júní 2024.

Vöruflokkur 13: Rotvarnarefni fyrir vökva sem eru notaðir við vinnslu eða skurð.

Vörur sem eru notaðar til að verja vökva, sem eru notaðir við vinnslu eða skurð á málm, gleri eða öðrum eignum, gegn skemmdum af völdum örvera.

Dæmi um vörur: Vörur til að rotverja bor- og skurðarolíu.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í desember 2020.

Vöruflokkur 21: Gróðurhindrandi vörur.

Vörur sem eru notaðar til að verjast vexti lífvera (örvera og æðri plöntu- eða dýrategunda) á skipum, fiskeldibúnaði eða öðrum mannvirkjum sem notuð eru í vatni.

Dæmi um vörur: Botnmálning fyrir skip og báta. Málning fyrir veiðarfæri.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki átti að vera lokið í desember 2016.

Vöruflokkur 22: Vökvar til notkunar við líksmurningu og uppstoppun.

Vörur sem eru notaðar til að sótthreinsa og rotverja líkama eða líkamshluta manna eða dýra.

Dæmi um vörur: Vökvi til líksmurningar.

Athugasemdir varðandi þessar vörur: Engar.

Gert er ráð fyrir að áhættumati á öllum virkum eignum í þessum vöruflokki verði lokið í júní 2024.

Vefslóðir sem vísað er í á síðunni:

<http://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/#Tab2>

<https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/active-substance-suppliers>

<https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/biocidal-active-substances>

<https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/markadsleyfi/#Tab2>

<https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/biocidal-products>